



Reglugerð BTÍ um lánsleikmenn í deildarkeppnum BTÍ.

1. gr.

Heimilt er félagi að lána leikmann til annars félags í deildarkeppni BTÍ. Leikmaður keppir þó fyrir félag sitt á öllum öðrum mótum tímabilsins.

Lánssamningur skal gerður á þar til gerðu eyðublaði BTÍ.

2. gr.

Lánið skal tilkynna til formanns mótanefndar BTÍ áður en leikmannalistum er skilað. Einnig er hægt að tilkynna um lán eða afturköllun á láni í leikmannaskiptaglugga keppinnar á tímabilinu 15. desember til 4. janúar.

3. gr.

Lánssamningur þarf að vera undirritaður af leikmanni og formönnum viðkomandi félaga/deildar.

Gildistími lánssamnings er eftir atvikum heilt keppnistímabil, fyrri hluti eða síðari hluti keppnistímabils. Þannig verður að skila inn nýjum lánssamningi fyrir hvert keppnisár.

4. gr.

Hvort heldur leikmaður eða félag sem lánar leikmann geta með skriflegum hætti afturkallað lánssamning í leikmannaskiptaglugga til formanns mótanefndar BTÍ.

Samþykkt samhljóða á stjórnarfundi BTÍ
þann 6. september 2018

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir
Hlöðver Steini Hlöðversson
Ingimar Ingimarsson
Sigurður Eiríksson
Styrmir Stefnisson